

Fullgild rafræn undirskrift

SYLVÍA KAREN HEIMISDÓTTIR

Kennitala: 290882-5679
2026-09-03 09:15:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

FJÓLA STEINDÓRA KRISTINSDÓTTIR

Kennitala: 270272-5849
2026-09-03 09:31:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR

Kennitala: 251070-3189
2026-09-03 10:32:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HULDA KRISTJÁNSDÓTTIR

Kennitala: 300184-3249
2026-09-03 10:38:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

Kennitala: 211264-5009
2026-09-04 10:43:12 GMT
Ástæða: Undirskrift



Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ)

Ár 2026, þriðjudaginn 25. ágúst var haldinn fundur í stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ). Fundurinn var haldinn í Laugarási og hófst kl. 13:00.

Þessi sátu fundinn; Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Sylvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps og Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps.

Fundarritari var Hallur Símonarson, forstöðumaður SVÁ.

Þetta gerðist

- Lagt er til að Hulda Kristjánsdóttir verði formaður stjórnar, Ásta Stefánsdóttir verði varaformaður og Hallur Símonarson fundarritari.
Samþykkt.
- Lagt fram rekstraryfirlit SVÁ fyrir tímabilið 1. janúar 2026 - 30. júní 2026.
Hallur Símonarson kynnir helstu niðurstöður.
- Lögð fram aðgerðaráætlun fyrir innleiðingu farsældarlaga 2026-2027
Sigrún Helgadóttir, málstjóri farsældar tekur sæti á fundinum undir þessum lið
Stjórn samþykkir aðgerðaáætlun um innleiðingu farsældarlaga 2026–2027 og felur forstöðumanni SVÁ að hafa yfirumsjón með framkvæmd hennar. Jafnframt verði verkefnastjóra, stjórnendum og umsjónarmönnum aðgerða falið að fylgja eftir skilgreindum mælikvörðum, uppfæra stöðu reglulega og leggja fyrir stjórn upplýsingar um framvindu, frávík og tillögur að breytingum þegar við á.
- Lagt fram erindisbréf stýrihóps um innleiðingu farsældarlaga
Sigrún Helgadóttir, málstjóri farsældar tekur sæti á fundinum undir þessum lið
Samþykkt og vísað til kynningar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga SVÁ
- Lögð fram drög að endurskoðaðri persónuverndarstefna SVÁ
Þorsteinn Tryggi Másson, persónuverndarfulltrúi SVÁ tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Samþykkt
- Fram fer kynning á stöðu og stjórnkerfi heimaþjónustu í umsjón SVÁ
Áslaug Alda Þórarinsdóttir og Dagný Davíðsdóttir hjá SVÁ taka sæti á fundinum

Stjórn leggur fram svohljóðandi bókun:

Stjórn lýsir ánægju sinni með þá greiningarvinnu sem starfsfólk SVÁ hefur sýnt fram á að geti skapað skilvirkari heimaþjónustu og felur forstöðumanni SVÁ að kanna hvort það geti verið hagkvæmt að nýta tilbúna heilsutæknilausnir og mannaustjórnunarkerfi við útfærslu heimaþjónustu SVÁ.

7. Lögð fram drög að gervigreindarstefnu SVÁ ásamt verklagsreglu fyrir starfsfólk SVÁ um notkun gervigreindar.

Samþykkt

8. Lagt fram erindi frá Rögnu Ívarsdóttur dags. 10. júní sl. - tillaga um að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps dragi til baka ákvörðun stjórnar SVÁ frá 24. september 2025 sem sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps vísaði til stjórnar SVÁ á fundi sínum hinn 16. júní sl.

Stjórn vísar til fyrri samþykktar sem gerð var á fundi hinn 11. febrúar sl. þar sem kemur fram að „SVÁ muni veita þjónustu til allra barna og ungmenna yngri en 18 ára óháð búsetuformi þeirra. Þjónusta til annarra íbúa er skrásettir eru ótilgreindir í hús er háð samþykki viðkomandi sveitarfélags.“

9. Önnur mál – Rætt um undanþágu frá ákvæði 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um íbúafjölda á starfssvæði barnaverndarþjónustu.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Fyrir liggur afsvar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu um sameiginlega barnaverndarþjónustu og því ljósi felur stjórn forstöðumanni að sækja um áframhaldandi undanþágu og leita frekari leiða um samstarf á þessu sviði.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 15:39